

## Erindisbréf

### Starfshópur um félagslega heimaþjónustu

#### Hlutverk:

Meginverkefni starfshópsins er að skoða fyrirkomulag heimaþjónustu, reglur, gjaldskrá, þjónustustig og þjónustuþörf og móta framtíðarsýn í þjónustu við fólk í heimahúsum. Starfshópurinn skal leggja mat á og meta árangur af útvistun þjónustunnar með framtíðarfyrirkomulag í huga.

Hópurinn skal koma með tillögur að breyttu fyrirkomulagi félagslegrar heimaþjónustu með hagsmuni notenda í fyrirrúmi. Horfa skal til stafrænna lausna við mótun þjónustunnar.

Starfshópurinn starfar í umboði fjölskylduráðs.

#### Skipulag:

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en 1.mars 2021. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Miðað er við að hópurinn haldi 10 fundi og skal skrá í fundargerðir þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Fundargerðir skal senda fjölskylduráði og notendaráðum til kynningar.

Leitað skal samráðs við notendur og aðra hagsmunaaðila.

#### Fulltrúar í starfshópnum:

Fjölskylduráð hefur skipað eftirtalda aðila í starfshópinn:

XXXXX fyrir Sjálfstæðisflokk, formaður

XXXXX fyrir Framsókn og óháða

XXXXX fyrir Framsókn og óháða

XXXXX fyrir Samfylkinguna

XXXXX fyrir Miðflokkinn eða Bæjarlistann???

Fulltrúar frá notendaráðum???

Starfsmaður starfshópsins er sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs og deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu.

#### Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í fjölskylduráði xxxxx.



**HAFNARFJÖRÐUR**